



Hugmyndafræði heilsueflandi grunnskóla

Aðalmarkmið heilsueflandi skóla er að stuðla að góðri heilsu nemenda og starfsfólks, efla námsárangur og styrkja félagsvitund. Heilsufar og menntun eru nátengd fyrirbæri. Heilsa nemenda ræður miklu um hvort þeir getu stundað skólann og hvernig þeim gengur í náminu almennt. Skólinn er þess vegna kjörinn vettvangur til að hvetja til heilsueflingar sem og hafa áhrif á viðhorf til heilbrigðra lífshátta. Nær öll börn og ungmenni verja verulegum hluta tíma síns í skólanum. Á þessu skeiði ævinnar læra þau um heilbriggt lífni, öðlast margvíslega þekkingu. Mikilvægt er að geta haft áhrif á viðhorf þeirra í þeim tilgangi að gera þeim mögulegt að feta farsælan farveg sem mun hafa jákvæð áhrif á heilsu þeirra og líf í framtíðinni. Almennt má segja að sjónir manna beinist æ meira að skólunum því það eru menntastofnanir þar sem heilsuefling getur skipt verulegu máli. Skólinn þarf að setja sér stefnu í heilsueflingarmálum þannig að kennarar, foreldrar, nemendur og aðrir sem taka þátt í skólastarfinu hafi í höndum traustar leiðbeiningar og geti gripið til. Á þann hátt er hugmyndafræði Heilsueflandi skóla hugsuð og hægt er að móta umhverfið á þann hátt að heilbrigði er aðlagð inn í daglegt skólastarf. Heilsueflandi grunnskóli stuðlar einnig að tengingu heilbrigðis og menntamála, mótar samvinnu sem eflir samstarf við foreldra og skólafirvöld.